FRUMKVÆÐISSJÓÐUR RAUFARHAFNAR OG FRAMTÍÐARINNAR

2025

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

BYGGÐASTOFNUN

Norðurþing

UM RAUFARHÖFN & FRAMTÍÐINA

Raufarhöfn var fyrsta byggðalagið sem tók þátt í verkefninu Brothættar byggðir og hófst sú vegferð árið 2012. Fyrsti íbúafundur var haldinn í október 2012 og svo íbúaþing í upphafi árs 2013 og var verkefninu þá gefið nafnið *Raufarhöfn og framtíðin*. Þátttaka á íbúafundum á Raufarhöfn var mjög góð, t.d. tók ríflega þriðjungur íbúa þátt í íbúaþinginu í upphafi verkefnis. Verkefninu lauk formlega í lok árs 2017 en síðan þá hafa SSNE og Norðurþing verið með atvinnu- og samfélagsfulltrúa starfandi á staðnum. Það starf snýr að því að vinna áfram að hugmyndum og verkefnum sem urðu til í ferlinu.

Meginmarkmið verkefnisins eru:

- **Sérstæður áfangastaður**
- **Traustir grunnatvinnuvegir**
- **Blómstrandi menntun**
- **Öflugir innviðir**

Árið 2025 valdi Byggðastofnun verkefnin „Raufarhöfn og framtíðin" (ROF) og „Öxarfjörður í sókn" (ÖÍS) til að taka þátt í nýju tilraunaverkefni til þriggja ára, sem má líta á sem nokkurskonar framhald af verkefninu Brothættar byggðir. Auglýst var eftir styrkumsóknum í Frumkvæðissjóði beggja verkefna og frestur til að skila inn umsóknum var til kl. 16:00 þann 5. maí 2025. Alls bárust tíu umsóknir um styrki vegna ROF-II. Um er að ræða fyrstu úthlutun í verkefninu og voru fjármunir til ráðstöfunar 11.000.000 krónur, en alls var sótt um kr. 23.098.769. **Áætlað er að næstu tvær úthlutanir fari fram á fyrri hluta árs 2026 og 2027.**

VERKEFNISSTJÓRN VERKEFNANNA ROF-II OG ÖÍS-II

Sameiginleg verkefnisstjórn er fyrir bæði verkefni BbII; ROF og ÖÍS. Hlutverk verkefnisstjórnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats, í takt við markmið verkefnanna sem og reglna og matsblaðs Brothættra byggða sem Byggðastofnun gefur út.

Verkefnisstjórn 2025 skipa:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fulltrúi Norðurþings og formaður verkefnisstjórnar
Olga Friðriksdóttir, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Ólafur Gísli Agnarsson, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Thomas Helmig, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar
Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Verkefnisstjóri á Raufarhöfn er Nanna Steina Höskuldsdóttir

Viðmiðunarþættir við mat á umsóknum eru:

- Að verkefnið falli vel að skilaboðum íbúaþings og stefnumótun verkefnisins
- Að útkoma nýtist sem flestum íbúum á Raufarhöfn og Melrakkasléttu
- Að verkefnið trufli ekki samkeppni á þjónustusvæði
- Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Að verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Að áhrifa gæti fyrst og fremst í samfélaginu á Raufarhöfn
- Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS RAUFARHAFNAR & FRAMTÍÐARINNAR 2025

ROF-2025-01 - WOODEN WINGS

UMSÆKJANDI: RANNSÓKNARMIÐSTÖÐIN RIF
UPPHÆÐ STYRKS: 825.000 KR.

Wooden Wings er skapandi samfélagsverkefni á Raufarhöfn sem tengir ungt fólk við náttúrulegt umhverfi sitt í gegnum listir, vísindi og handverk. Nemendur Grunnskóla Raufarhafnar vinna með listamönnum og sérfræðingum að því að hanna fuglalaga skilti úr endurunnum rekaviði.
Hvert skilti inniheldur QR-kóða sem vísar á stafrænt efni – myndir, hljóð og fræðslu – sem nemendur hafa sjálfir útbúið undir handleiðslu sérfræðinga. Skiltin verða sett upp víðs vegar um þorpið og koma til með að mynda varanlega fræðsluslóð sem fangar og fagnar dýralífi svæðisins. Fræðsluslóðin opnar jafnframt á aukna afþreyingu fyrir ferðafólk sem og íbúa. Verkefnið eflir stafræna og hagnýta færni, styrkir tengsl milli íbúa, stuðlar að umhverfisvitund og styður við staðbundna þekkingu og nýsköpun í dreifbýli.

ROF-2025-02 ARCTIC BIRDWATCHING

UMSÆKJANDI: ÓLAFUR GÍSLI AGNARSSON
UPPHÆÐ STYRKS: 800.000 KR.

Verkefnið felst í því að ljósmynda náttúru og fuglalíf á Melrakkasléttu og mun efnið birtast á nýrri heimasíðu sem verður búin til fyrir verkefnið. Þetta er undanfari stærra verkefnis sem miðar að þróun ferðatengdrar upplifunar með áherslu á fuglaskoðun og ljósmyndaferðir fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Verkefnið nýtir náttúruauðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt og stuðlar að auknum sýnileika og eykur aðdráttarafl Raufarhafnar sem áfangastaðar fyrir náttúruunnendur og ljósmyndara.

ROF-2025-03 VEÐURHLÍFAR

UMSÆKJANDI: HRÓLFUR BJÖRNSSON
UPPHÆÐ STYRKS: 1.500.000 KR.

Verkefnið felst í þróun og smíði veðurhlífa úr trefjaplasti fyrir varmadælur, með það að markmiði að koma vörunni á almennan markað. Framleiðslan mun fara fram á Raufarhöfn í samstarfi við starfandi fyrirtæki á staðnum.
Verkefnið byggir á staðbundinni þekkingu og aðstöðu og felur í sér nýsköpun í atvinnurekstri sem getur styrkt efnahagslíf svæðisins og aukið fjölbreytni í atvinnulífi.

ROF-2025-04 HANNAÐ VIÐ HEIMSKAUTSBAUG

UMSÆKJANDI: ÞÓRA SOFFÍA GYLFADÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS: 2.000.000 KR.

Hannað við heimskautsbaug er nýtt hönnunar- og frumkvöðlaverkefni á Raufarhöfn sem byggir á sérstöðu Heimskautsgerðsins, stærsta útilistaverks Íslands. Verkefnið snýst um að þróa og framleiða minjagripi og hönnunarvörur sem endurspegla staðaranda, menningu og náttúru svæðisins. Með því að koma upp tækjabúnaði til framleiðslu á staðnum skapast ný atvinnutækifæri á sviði hönnunar, handverks og ferðaþjónustu. Verkefnið sameinar skapandi greinar og samfélagseflingu og markar mikilvægt skref í átt að fjölbreyttara og sjálfbærara atvinnulífi á norðausturhorni landsins.

ROF-2025-05 MENNINGARDAGAR Á RAUFARHÖFN

UMSÆKJANDI: MENNINGARDAGANEFND

UPPHÆÐ STYRKS: 675.000 KR.

Verkefnið snýr að því að skipuleggja tónleika á menningardögum á Raufarhöfn en þeir eru haldnir árlega í byrjun október. Verkefnið er liður í því að efla menningarlíf og samveru í samfélaginu. Markmiðið er að bjóða upp á lifandi tónlistarviðburð fyrir íbúa svæðisins.

ROF-2025-06 TANKARNIR Á RAUFARHÖFN

UMSÆKJANDI: GJÓLA EHF

UPPHÆÐ STYRKS: 1.100.000 KR.

Tankarnir á Raufarhöfn hafa fengið nýtt hlutverk – þeim hefur verið umbreytt í listatanka og eru nú aðgengilegir almenningi. Dagskrá sumarsins 2025 er fjölbreytt og áhugaverð, með sýningum og viðburðum sem endurspegla skapandi kraft samfélagsins.
Sá hluti verkefnisins sem hér fær styrk úr frumkvæðissjóði BbII snýr að kaupum á skjávarpa, sem er mikilvægur fyrir sýningar sumarsins og styður við aðra metnaðarfulla og áhugaverða viðburði og sýningar sem fyrirhugaðar eru í Tönkunum á næstu árum.

ROF-2025-07 - KAJAKLEIGA VIÐ HEIMSKAUTSBAUG

UMSÆKJANDI: GÍSLI ÞÓR BRIEM

UPPHÆÐ STYRKS: 1.500.000 KR

Verkefnið snýr að því starfrækja kajakferðir út frá Raufarhöfn. Eftirfarandi er spennandi og einstakur útivistarkostur fyrir bæði heimamenn og ferðafólk. Þar gefst fólki tækifæri til að róa um rómaða náttúrufegurð þar sem fuglasöngur og öldugjálfur mynda náttúrulega tónlist, og öldurnar leika sér við kletta og steina.
Margir hafa eflaust velt því fyrir sér, sitjandi í fjörunni, hversu dásamlegt það væri að svífa á öldunni líkt og fugl – og nú gefst tækifæri til að láta þá draumsýn verða að veruleika. Raufarhöfn býður upp á friðsælt umhverfi með lítilli umferð fólks og farartækja, sem gerir upplifunina enn sérstæðari.

ROF-2025-08 MORGUNVERÐARAÐSTAÐA Á HREIÐRINU

UMSÆKJANDI: ANGELA AGNARSDÓTTIR

UPPHÆÐ STYRKS: 600.000 KR

Markmiðið er að útbúa aðstöðu fyrir morgunverð á gistiheimilinu Hreiðrinu, en á þann hátt má sinna gestum betur ásamt því að svara eftirspurn gesta um að bjóða upp á morgunmat á gistiheimilinu.
Það stefnir í aukinn ferðamannafjölda til Raufarhafnar þetta árið og er því þörf á að fjölga stöðum sem bjóða upp á morgunmat.

ROF-2025-10 ÆÐARDÚNSSÆNGUR OG KODDAR

UMSÆKJANDI: MARGRÉT RÖGNVALDSDÓTTIR

UPPHÆÐ STYRKS: 2.000.000 KR

Æðadúnssængur frá Harðbak á Melrakkasléttu verða nú framleiddar á Raufarhöfn undir vörumerkinu Arctic Circle Eiderdown. Auk þess stendur til að opna vinnustofu fyrir heimafólk og ferðamenn, kynna æðarrækt, æðardún og æðadúnsængur.